

rekstri þessum, og sé því næsta mikilvægt, að vitnin veiti þessar upplýsingar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur engar ástæður fært fram fyrir þessum grun sínum um tilgang gerðarbeiðanda með málarekstri þessum, og virðist réttinum samkvæmt efni málsins næsta þýðingarlítið, að spurningar þessa efnis verði bornar upp fyrir ofangreindum vitnum, og þykir því ekki rétt að gera þeim neina skyldu til þess að svara þeim.

Því úrskurðast:

Vitnunum Jakob Alfreð Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni skal ekki skylt að gefa upplýsingar í máli þessu um leiguupphæðir þær, er þeir greiða gerðarbeiðanda, Yngva Jóhannessyni.

Miðvikudaginn 12. desember 1945.

Nr. 126/1944. **Eigendur v/b „Ársæls“ V.E. 8**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

eigendum v/b „Kára“ V.E. 27

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking dóms og málsmeðferðar og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódomsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Með hæstaréttardómi 19. maí 1943 var héraðsdómur í máli þessu, uppkveðinn 29. júní 1942, ómerktur svo og meðferð málsins frá 31. október 1941, og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Ástæður til ómerkingar þessarar voru m. a. þær, að aðiljar höfðu andstætt fyrirmælum 9. kafla laga nr. 85/1936 fengið fresti á víxl og skipzt á alls sex skriflegum greinargerðum auk greinagerða samkvæmt 105. og 106. gr. sömu laga.

Málið var tekið til meðferðar af nýju á dómþingi 18. nóvember 1943, er háð var af Freymóði Þorsteinssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt sjóðómsmönnum. Var þá ákveðinn skriflegur málflutningur.

Átti dómurinn, eftir að sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar hefði verið veittur, að sjá um, að málið yrði rekið samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936, þannig að stefnanda yrði veittur kostur á að flytja tvisvar sókn og verjanda tvisvar vörn. Í stað þessa tók dómurinn við af stefnanda dómsgerðum fyrra málsins í heild, þar á meðal hinum sex sóknarskjölum og varnar, er ómerkt höfðu verið. Eftir það tekur dómurinn við af aðiljum sex greinargerðum og bókunum, þremur af hálfu hvors. Er þessi meðferð málsins svo brýnt brot á ákvæðum 110. gr. laga nr. 85/1936, að varðaverður ómerkingu héraðsdóms og málsmeðferðar frá og með þinghaldi 18. nóvember 1943, og ber að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Vegna framangreindrar löglausrar meðferðar málsins á nýjan leik verður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 að dæma formann sjóðómsins, Sigfús M. Johnsen, og fulltrúa hans, Freymóð Þorsteinsson, til 50 króna fésektar hvorn. Þá verður og að dæma Friðþjóf G. Johnsen héraðsdómslögmann, er málið flutti af hendi stefnanda í héraði, til 50 króna fésektar fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. nefndra laga, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice.

Fésektir þær, er að ofan greinir, skulu renna í rikissjóð, og skal hver hinna dæmdu afplána sekt sína 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Það athugast, að uppsaga héraðsdóms hefur dregizt í rúma 3 mánuði, og er sá dráttur ekki réttlættur.

Á dómþingi í máli þessu 27. janúar 1944 var lagt fram varnarskjal af hálfu fyrirsvarsmanns stefndu í héraði, Sigurðar Bjarnasonar, og undirritað af honum. Í skjali þessu veitist hann að forstöðumanni Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafssyni, vegna álitsgerðar, er hann hafði samið og lögð

hafði verið fram í málinu. Nefnir Sigurður Bjarnason álitserð þessa „fáránlegt plagg“ og „makalaust plagg“. Talar hann um, „hversu langt er seilzt hjá herra skólastjóranum, þegar hann er að reyna að finna sök hjá Kára“. Kveðst hann „harma hitt, að hent skuli geta opinberan starfsmann að gleyma því, að hann á að vera óhlutdrægur, er álit hans er leitað sem sérfræðings, og gleyskan skuli geta komið á það stig, að hann gerist saksóknari, sem að dæmi málflutningsmanns búi til sök á hendur öðrum aðiljanum“. Fyrir þessi ósæmilegu og tilefnislausu ummæli ber að dæma nefndan Sigurð Bjarnason samkvæmt 5. tölulið 18. gr. laga nr. 85/1936 til greiðslu 200 króna sektar, er renni í rikissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að dæma framangreind ummæli dauð og ómerk.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með 18. nóvember 1943 á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Formaður sjóðómsins, Sigfús M. Johnsen, fulltrúi hans Freymóður Þorsteinsson og héraðsdómslögmaður Friðþjófur G. Johnsen greiði hver um sig 50 króna sekt í rikissjóð, og afpláni hver þeirra sekt sína 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Fyrirsvarsmaður stefndu í héraði, Sigurður Bjarnason, greiði 200 króna sekt í rikissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skulu og framangreind ummæli vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 17. maí 1944.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðmundi Einarssyni útgerðarmanni, Viðey hér, f. h. eigenda v/b Ársæls Ve. 8 með stefnu, útgefinni 24. september 1944, birtri 25. s. m., á hendur v/b Kára Ve. 27, þeim Þórdísi Guðjónsdóttur, Svanhóli, Jóhanni Sigfússyni, Lundi, Óskari Jónssyni, Vestmannabraut 15, og Þórarni Guðjónssyni, Svanhóli, öllum í Vestmannaeyjum. Málið var þingfest hinn 4. október 1941 og að flutningi loknum var það lagt í dóm hinn 4. júní 1942, og gekk dómur í því hinn 29. s. m. Með hæstaréttardómi, upp kveðnum 19. maí 1943, var undirréttardómurinn ómerktur og meðferð málsins frá 31. október 1941 og visað heim til löglegrar meðferðar af nýju.

Málið var því næst tekið fyrir hér í réttinum þann 18. nóvember s. l. og sótt og varið af nýju og lagt í dóm þann 11. febrúar s. l.

Stefnendur gera þær réttarkröfur, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim skaðabætur vegna árekstrar, að upphæð kr. 37787.50, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 24. september 1941 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi, er lagður hefur verið fram í málinu og nemur að upphæð kr. 1807.80. Undir rekstri málsins lækkuðu stefnendur kröfu sína um kr. 10263.12, eða niður í kr. 27524.38, auk vaxta af þeirri upphæð og málskostnaðar samkvæmt ofanrituðu.

Stefndir hafa gert þær réttarkröfur, aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hlutfallslega upphæð af raunverulegum viðgerðarkostnaði m/b Ársæls, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að v/b Kára yrði gefin sök á árekstrinum að einhverju leyti. Einnig krefjast þeir málskostnaðar sér til handa eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 17. apríl 1941, kl. um 5.45 e. h., varð árekstur milli v/b Kára Ve. 27 og v/b Ársæls Ve. 8 rétt hjá Klettsnefinu í Vestmannaeyjum. V/b Ársæll var að koma úr róðri og sigldi suður með Yzta-Kletti (Klettinum), en v/b Kári var á leið í róður og sigldi út vikina fyrir austan höfnina í Vestmannaeyjum. Logn var og sólskin og sléttur sjór. Er bátarnir voru í ca. 200 metra fjarlægð hvor frá öðrum, urðu þeir varir hvorir við annan. Eftir því sem fyrir liggur, virðast þeir báðir hafa siglt með venjulegum hraða, en ganghraði v/b Ársæls er 6 sjómílur á klukkustund, en ganghraði v/b Kára 8 sjómílur á klukkustund. Í flánni rétt austan við, þar sem Klettsnefið skagar lengst til suðurs, varð áreksturinn, og rakst stefnið á v/b Kára á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin, og skall v/b Ársæll um leið utan í bergið.

V/b Kári skemmdist ekki við áreksturinn, en hins vegar varð v/b Ársæll fyrir allmiklum skemmdum og aðallega stjórnborðsmegin, eða þeim megin, er að berginu sneri. Meðal annars klofnaði stefni bátsins, og rann sjór inn í lúkar. Samt sem áður gat v/b Ársæll haldið áfram ferð sinni og komst hjálparlaust inn á höfn í Vestmannaeyjum. Telja stefnendur, að v/b Kári eigi alla sök á árekstrinum, og beri því hinum stefndu að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem eigendur v/b Ársæls biðu við áreksturinn. Telja þeir, að tjónið nemi hinni umstefndu upphæð, og er þar í innifalið aflatjón skipsins, aflahlutur skipshafnar, kostnaður við matsgerðir, sjópróf o. fl. Hinir stefndu telja hins vegar, að v/b Ársæll eigi alla sök á árekstrinum, og krefjast sýknu af þeim sökum.

Eins gera þeir margar athugasemdir við kröfur stefnenda, sem þeir telja allt of háar. Um nánari atvik að árekstrinum hefur þetta komið fram í málinu.

Formaðurinn á v/b Ársæli, Karl Ó. Guðmundsson, skýrði svo frá í sjóprófunum, sem fram fóru rétt á eftir, að áreksturinn varð, að er hann beygði inn á Vikina fyrir Klettsnefið, hafi hann séð v/b Kára koma austur Vikina og hafa stefnu austur, og var hann um 2 strik til bakborða við v/b Ársæl. Kveðst formaðurinn hafa verið kominn það sunnarlega, er hann sá v/b Kára fyrst, að hann hafi séð báða hafnargarðana og verið búinn að beygja eins mikið og hann þurfti til þess að taka stefnu beint inn á höfnina. Hafi v/b Kári þá verið í ca. 200 metra fjarlægð. Formaðurinn kveðst sjálfur hafa verið uppi ásamt vélstjóranum Sigurði A. G. Pálssyni og Júlíusi Guðjónssyni háseta. Hafi vélstjórinn verið á þilfari, en hásetinn og formaðurinn í stýrishúsinu. Hann kveðst hafa séð, að v/b Kári vék aðeins til bakborða, og hafi hann þá vikið til stjórnborða, og eins nærri Klettinum og hann þorði, en í þessum svifum sigldi v/b Kári á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Er áreksturinn var fyrirsjáanlegur, kveðst hann hafa hægt á ferð skipsins. Í sömu átt gengur framburður hásetans Júlíusar Guðjónssonar og vélstjórans, Sigurðar A. G. Pálssonar. Júlíus Guðjónsson kveðst fyrst hafa séð möstrin á m/b Kára koma undan Klettsnefinu, en báðir telja þeir, að v/b Kári hafi verið til bakborða við v/b Ársæl, er þeir sáu hann fyrst, en raunar aðeins til bakborða, eftir því sem vélstjórinn segir. Báðir segja þeir, að þegar v/b Kári nálgast, hafi v/b Ársæll beygt til stjórnborða, og tók Sigurður A. G. Pálsson það sérstaklega fram, að aðeins hafi verið beygt litils háttar, því ekki hafi verið hægt að beygja meira vegna þess, hve báturinn var nærri Klettinum. Báðir segja þeir, að hægt hafi verið á ferð v/b Ársæls, er árekstur var fyrirsjáanlegur, og virðist mega ráða af framburði þeirra og formannsins, að ekki hafi verið bakkað fyrr en eftir áreksturinn. Af framburðum þeirra virðist einnig auðsætt, að v/b

Ársæll hafi siglt nærri Klettinum, og er það einnig stutt með um-sögnum vitna, sem sáu til ferða v/b Ársæls rétt fyrir áreksturinn. Bæði formaðurinn og Júlíus Guðjónsson fullyrða, að v/b Ársæll hafi ekki beygt til bakborða, eftir að sást til v/b Kára. Tíminn, sem leið, frá því þeir sáu til v/b Kára og þangað til áreksturinn varð, virðist hafa verið örstuttur, og áætlað vélstjórinn á v/b Ársæli, að ekki hafi verið um lengri tíma að ræða en um eina mínútu.

Formaðurinn á v/b Kára, Sigurður Bjarnason, skýrir svo frá, að hann hafi lagt af stað í róður kl. 5,30 e. h. umræddan dag, og þegar komið var út fyrir hafnargarðinn, hafi stefna verið sett laust fyrir Klettsnefið. Sjálfur kveðst hann hafa verið við stýrið, auk þess hafi þeir skipverjar verið uppi, vélstjórinn, Kristján Sigurjónsson, stýrimaðurinn, Jóhann Sigfússon, og Edvin Jólsson háseti. Er v/b Kári var ca. 80—100 metra vestur af Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa séð stefni v/b Ársæls koma fram undan Klettinum, og hafi þá fjarlægðin á milli bátanna verið um 200—250 metrar. Vegna þess að stefna v/b Kára hafi legið nærri Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa vikið á stjórnborða til þess að gefa v/b Ársæli nægjanlegt rúm við Klettsnefið, en í sömu svifum hafi v/b Ársæll beygt til bakborða, og beygði hann þá sjálfur einnig til bakborða, eða upp að Klettinum og í veg fyrir v/b Kára. Kveðst formaðurinn þá hafa bakkað fullt aftur á, en allt að einu varð áreksturinn. Segir formaðurinn, að vél v/b Kára hafi haft svo vel aftur á, að v/b Kári fjarlægðist v/b Ársæl þegar eftir áreksturinn, og hjuggust þeir ekki saman aftur. Stýrimaðurinn á v/b Kára, Jóhann Sigfússon, kveðst hafa verið að stanga kaðla fyrir aftan stýrishúsið, áður en áreksturinn varð, og ekkert séð framundan sér. Hann kveðst hafa orðið þess var allt í einu, að vélinni var skipt aftur á, og rétt á eftir fann mættur höggið, er orsakaðist af árekstri bátanna. Kveðst hann hafa þotið upp til þess að sjá, hvað um væri að vera, og hafi þá v/b Kári verið að fjarlægjast v/b Ársæl, sem honum virtist liggja upp við bergið. Vélstjórinn á v/b Kára, Kristján Sigurður Sigurjónsson, kveðst hafa tekið eftir v/b Ársæl, er hann kom undan Klettsnefinu, og hafi hann séð á stjórnborðsbóg v/b Ársæls og tekið eftir númerinu. Hann kveðst ekki hafa veitt v/b Ársæl frekari gaum í bili, en hins vegar kveðst hann hafa veitt því athygli, að formaðurinn á v/b Kára beygði fyrst til stjórnborða og þverlagði síðan til bakborða. Þá kveðst hann einnig hafa veitt því athygli, að v/b Ársæll beygði til stjórnborða upp að Klettinum. Einnig veitti hann því athygli, að v/b Kári bakkaði eða tók aftur á, og virtist honum það gert í sömu svipan og v/b Kári var að snúast til bakborða. Hann segir einnig, að þegar áreksturinn varð, hafi verið dregið úr hraða v/b Kára og hafi v/b Kári losnað við v/b Ársæl beint út frá bátnum. Edvin Joelsson háseti kveðst hafa tekið eftir

v/b Ársæl, er v/ Kári var nærri kominn að Klettsnefinu, og beygði v/b Kári þá til stjórnbörða, en v/b Ársæll til bakbörða. Skipti þá engum togum, að v/b Kári beygði til bakbörða, en v/b Ársæll til stjórnbörða. Hafi v/b Kári þá bakkað með fullri ferð aftur á bak, og virtist hásetanum, að ferðin væri af v/b Kára, er bátarnir rákust á. Bæði formaðurinn, vélstjórinn og hásetinn telja, að áreksturinn hefði orðið allt að einu, þótt v/b Kári hefði ekki beygt til bakbörða, heldur haldið áfram og beygt til stjórnbörða, en v/b Ársæll myndi þá hafa rekizt á v/b Kára aftan til við miðju. Af framburði þeirra virðist mega ráða, að v/b Kári hafi siglt nærri Klettsnefinu, en formaðurinn heldur því fram, að hann hafi siglt venjulega leið og þar af leiðandi ekki grynna en venjulegt sé á útsiglingu. Samkvæmt framburði formannsins, sem sér á stefni v/b Ársæls, og framburði vélstjórans, sem sér á stjórnbörðsbóg hans, hefur v/b Kári verið til stjórnbörða við v/b Ársæl, er þeir fyrst urðu v/b Ársæls varir.

Af hálfu stefnenda hefur verið lögð fram álitserð frá Friðrik Ólafssyni skipstjóra um tildrögin að árekstrinum og sök bátanna hvors um sig. Niðurstaða álitserðarinnar er sú, að báðir bátarnir hafi hagað siglingu sinni öðru vísi en vera ætti. Eina aðalorsök árekstrarins telur hann vera þá, að v/b Kári hafi farið of nærri Yzta-Kletti á leið sinni út Víkina. Telur hann, að skip, sem ætlar að beygja fyrir land, sem það hefur um bakbörða, megi ekki fara það nærri, eigi það von á að mæta skipum, að það ætli þeim ekki nægilegt rúm landmegin við sig. Segir hann, að þótt hér sé ekki um mjótt sund að ræða, verði að taka hér tillit til ákvæða 25. greinar hinna alþjóðlegu siglingareglna.

Aðra meginorsök árekstrarins telur skólastjórinn þá, að í stað þess að beygja ákveðið til stjórnbörða og gefa um það merki, hafi v/b Kári fyrst beygt nokkuð til stjórnbörða og síðan til bakbörða og lent við það á stefni v/b Ársæls bakbörðsmegi.

Þriðju meginorsök árekstrarins telur skólastjórinn þá, að v/b Ársæll hafi vanrækt að minnka ferð sína og gefa merki um, að hann sneri til stjórnbörða og einnig það, að v/b Ársæll hafi vanrækt að setja á fulla ferð aftur á bak og gefa um það merki, jafnskiótt og hann sá, að hætta var á árekstri.

Álitserð þessari er rétturinn ekki samþykkur nema að nokkru leyti. Upplýst má telja, að v/b Kári sigldi allnærri Yztakletti á leiðinni út, en þó ekki svo, að til víta verði talið eða orsaka hefði þurft ásiglingu við v/b Ársæl. Þarna er ekkert sund, frá því hafnarmynninu sleppir, og reglan í 25. grein hinna alþjóðlegu siglingareglna getur því alls ekki átt við. Auk þess hagar svo til þarna, að bátar, sem mætast fyrir Klettinum eða á þessari leið, hljóta að verða hvor annars varir, nokkru áður en þeir mætast. Verður því að líta svo á, að venjulegar reglur komi til greina um siglingar á

þessari leið, og skipi beri að vikja fyrir öðru, er það hefur á stjórnborða við sig. Rétturinn litur því svo á, að það geti ekki talizt sök hjá v/b Kára né heldur v/b Ársæl, þótt þeir hafi siglt allnærri Klettsnefinu í umrætt skipti.

Svo virðist sem hvorugur bátanna hafi gefið ákveðið merki, er þeir viku, eins og líka er gert ráð fyrir í álitserð skólastjórans. En sú venja er hér meðal fiskibáta að gefa ekki merki, þegar vikið er, og telur rétturinn því ekki unnt að leggja mikið upp úr þessu atriði.

Eins og framburður skipshafnanna á v/b Ársæl og v/b Kára, sem raktir eru hér að framan, bera með sér, gætir þar allmikils ósamræmis í tveim veigamiklum atriðum. Ársælsmenn halda því fram, að v/b Kári hafi verið til bakborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og hafi honum því borið að vikja. Káramenn aftur á móti halda því gagnstæða fram. Enn fremur halda Káramenn því fram, að v/b Ársæll hafi í fyrstunni beygt til bakborða, en því er algerlega neitað af skipshöfn v/b Ársæls.

Til þess að glöggva sig á öllum aðstæðum var farið á v/b Kára út að Klettsnefi hinn 10. maí 1941. Voru þar með formaður dómsins og meðdómendur, enn fremur umboðsmenn v/b Kára og Bataabyrgðarfélags Vestmannaeyja svo og formenn beggja bátanna. Voru báðir formenn látnir sýna árekstrarstaðinn og þá leið, er þeir fóru, frá því þeir sáuust og þar til árekstur varð. Voru þeir nokkurn veginn sammála um, hvar áreksturinn hefði orðið, eða sunnan til í Klettsnefinu, eins og fram er tekið í sjóprófunum, en nokkru vestar en skip á útsiglingu fara að beygja, er ætla fyrir Klettinn. Enda virðist v/b Kári ekki hafa verið farinn að beygja fyrir Klettinn, er áreksturinn varð. Sigurður Bjarnason sýndi tvisvar þá leið, er v/b Kári fór, og virtist ekkert koma fram, er veikti framburð hans eða hans manna. Karl Guðmundsson var látinn gera þrjár tilraunir til að sýna leið þá, er v/b Ársæll hafi farið í umrætt skipti. Af þessum tilraunum virðist mega ráða, að ekki hefði orðið af árekstri, ef báðir bátarnir hefðu haldið þeirri stefnu óbreyttri, er þeir höfðu, er þeir sáuust fyrst. Hefði v/b Kári þá orðið nær Klettinum en v/b Ársæll utar. Af þessum tilraunum var það einnig bert, að framburður formannsins á v/b Ársæli og manna hans um það, að þeir hafi haft v/b Kára á bakborða, er þeir sáu hann fyrst, fær alls ekki staðizt. Liggur þetta einnig í augum uppi, þegar komið er á staðinn og það haft í huga, að báðir bátarnir sigldu allnærri Klettinum. Framburður hásetans á v/b Ársæl, Júlíusar Guðjónssonar, um að hann hafi fyrst séð möstur v/b Kára koma fram undan Klettinum, getur heldur ekki samrýmzt því, að v/b Kári hafi verið til bakborða við v/b Ársæl. Að þessu athuguðu verður að ganga út frá, þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar þeirra á v/b Ársæli, að v/b Kári hafi verið til stjórn-

borða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og bar þeim því að víkja. Þótt v/b Kári rekist síðar á bakborðskinnung v/b Ársæls, hnekkir þessu ekki, því þá er v/b Ársæll búinn að snúa upp að Klettinum og í veg fyrir v/b Kára. Með tilliti til þess, að framburður Ársælsmanna er rangur um jafn veigamiknið atriði, þykir einnig varhugavert að taka tillit til neitunar þeirra um að hafa beygt til bakborða. Með hliðsjón af því, er nú hefur verið greint, fær rétturinn ekki séð, að v/b Kára verði gefin sök á árekstrinum. Sigling v/b Kára og stjórn tök formannsins virðast að öllu leyti réttlætanleg, og þegar árekstur er fyrirsjáanlegur, er það gert, sem hægt er, til þess að draga úr tjóninu með því að bakka fullt með vélinni, það sem Ársælsmenn létu hins vegar hjá líða. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna hina stefndu af kröfum stefnenda að öllu leyti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af því, að annar meðdómendanna hefur verið í stöðugum siglingum, síðan málið var tekið til dóms.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/b Kára, Þórdís Guðjónsdóttir, Jóhann Sigfússon, Óskar Jónsson og Þórarinn Guðjónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, eigenda v/b Ársæls, í máli þessu, Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. desember 1945.

Nr. 89/1945. **H/f Valur** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

eigendum og skipverjum á Óla Garða G.K. 190
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og hrl. Theódór B. Línadal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júlí þ. á., krefst þess, aðallega að honum verði einungis dæmt að greiða stefndu kr. 60000.00, en til vara, að fjárhæð sú, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að